

Sumartónleikar við Mývatn 2015

29 starfsár.

Reykjahlíðarkirkja, laugardag 18. júlí kl. 21:00,

Skútustaðakirkja, sunnudag 19. júlí kl. 21:00

Flytjendur: Tríó NOR.

Jazztríóið NOR skipa Ómar Einarsson, gítar,
Jakob Hagedorn-Olsen, gítar og Jón Rafnsson, bassi.

Tríóið mun leika þekkt jazz-standarða m.a. eftir Henry Mancini, Horace Silver og A.C. Jobim og einnig spuna um íslensk þjóðlög og sálminn Kirkja vors Guðs er gamalt hús. Lög eins og Summertime, Misty, Smile, Wave og My funny Valentine munu hljóma í suðrænum stíl með klassísku ívafi og eru allar útsetningar eftir meðlimi tríosins.

Aðgangur ókeypis, en tekið við frjálsum framlögum við kirkjudyrr.



Listrænn stjórnandi sumartónleika: Margrét Bóasdóttir.

Helstu stuðningsaðilar: Tónlistarsjóður, Landsbyggðartónleikar FÍT og FÍH, Reykjahlíðarkirkja, Skútustaðakirkja, Skútustaðahreppur, Mýflug, Sparisjóður Þingeyinga, Héraðssjóður Þingeyjarprófastdæmis, Hótel Reynihlíð, Sel Hótel Mývatn, Hótel Laxá, Hótel Gígur, Hlíð ehf - Eldá ehf, Vogar ferðaþjónusta, Vogafjós, Kaffi Borgir, Jarðböðin við Mývatn.

Mýflugan

**Kæru lesendur
og viðskiptavinir.**

Mýflugan kemur út á miðvikudögum.

Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 14:00 á þriðjudögum.

Netfang: myflugan@emax.is eða í síma 464 4343/ 866 0311

Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir

Sími: 464 4343, 866 0311

Netfang: myflugan@emax.is

25. tbl. 7. árg. miðvikudaginn 15. júlí 2015

Afmælisbörn dagana 16. júlí — 22. júlí 2015

16. Birna Björnsdóttir, Þórhallur Geir Arngrímsson.
18. Soffía Kristín Björnsdóttir.
20. Andri Karlsson, Jóhann Ingvason.
21. Sólveig Illugadóttir.

**Ég verð ekki við frá 15. júlí til 23. júlí.
Þann tíma mun sr. Sighvatur á Húsavík
annast þjónustu fyrir mig.**

**Kær kveðja
Örnólfur**

**Jöklarannsóknafélag Íslands
fer 7. - 9. ágúst í skemmtiferð inn á Dyngjusand
að skoða nýja hraunið norðan Vatnajökuls
og bjóða Mývetningum að skrá sig til leiks!**

Fararstjóri verður Magnús Tumi Guðmundsson.

Ferðalangar munu hittast í Mývatnssveit
og fara þaðan í rútu að morgni föstudags
en komið verður aftur til baka á sunnudegi.

Gert er ráð fyrir að gista í Herðubreiðarlindum
og þaðan verður haldið í skoðunarferðir um nýja hraunið og Öskju.

Nánari upplýsingar, þ.m.t. varðandi kostnað og aðra tilhögun veitir
Hanna Kata, hannakata@vjp.is eða í síma 842 4363.